


Frá eldstöðvunum

Dagur í lífi Eyjamanna

Frásögn Vilborgar Harðard., blaðamanns, sem stödd er í Vestmannaeyjum



Það var ógnþrugin sjón að sjá hraunið velta fram í sjóinn. Myndin var tekin á tólfta tímanum í gærmorgun, en þá var gosid í einna mestum ham. (Ljós. SJ)

Eg kom hingað um 5 leytið í morgun og byrjaði á því að ganga upp á hæðina sem er við flugvöllinn, í austurátt frá honum. En völlum er sunnan til á Heimaey. Gosprungan byrjar þarna austan til, nærri því við endann á flugbrautinni. Þarna blasti við stórkostleg sjón, en þó uppgötvaði ég síðar, að þar sést ekki á leiðarenda gossins. Þarna tók ég fyrstu myndirnar.

Þegar ég kom aftur niður á flugbraut var verið að flytja út á völlu síðustu sjúklingana af spítalanum, og fékk ég far með almenningsvagninum niður í bæ. Þar hitti ég Einar Val lækni. 32 sjúklingar höfðu verið á spítalanum og 24 á elliheimilinu, en auk þess hafði hann forgöngu um brottflutning rúmliggjandi sjúklinga úr heimahúsum.

Mestur hluti íbúanna, eða um 4 þúsund manns, var þá þegar farinn með bátunum og höfðu verið allt upp yfir 300 í bát, en svo niður í 50 manns.

Skömmu eftir þetta hitti ég Gunnar Sigurmundsson, prentara, og Vilborgu konu hans. Þau sögðu mér frá því, að um kvöldið hafi verið hjá þeim gestur. Þegar þau eru að kveðja hann, sjá þau bjarna á himninum og Vilborg hrópar upp yfir sig, að það hljóti að vera kviknað í. En gesturinn, Jón Traustason, sá undir eins að þarna mundi vera eitthvað enn alvarlegra á ferð. Og sannfærast þau brátt um það, að þarna eru jarðeldar komnir upp. Þau höfðu þá enn ekki orðið vör við neina landskjálfta, en fundu þá síðar.

Skömmu seinna kváðu við miklar drunur.

Eg fór með Gunnari á bifreið hans einslangti átt til Kirkjubæjar og við komumst. Við komumst út fyrir Vilborgarstaði, en þá var svo mikill fnykur og gufa, að ekki var skyggni til frekari aksturs í austurátt. Síðan fórum við aftur til flugvallarins, en urðum þar svo benzinlaus og var hvergi neitt benzin að fá. Það hafði gleymt að hafa benzinstöðvarnar opnar, og þurfti slökkviliðið á endanum að brjóta upp eina stöðina til að unnt væri að láta í té benzin. Slökkviliðið hefur staðið sig mjög vel í öllu þessu hjálparstarfi hér og haldið því uppi ásamt lögregluinni. Það hefur verið á vakt síðan eldurinn kom upp. Slökkviliðið á heibúrinum af því að hafa sent út fyrstu viðvörunarmerkin til fólks, með brunaflautunni.

Nú, við vorum þarna við flugvöllinn. Eg gekk þá alveg niður að gignum austan megin. Þar sá ég m.a. tvo Frakka, sem hérna hafa unnið í fiski. Eg varð hálf hrædd um þá, því þeir stóðu þarna stjarfir á gigbarminum að heita mátti og gerðu sér ekki grein fyrir því að jörðin gæti brostið undan

fótum þeirra hvenær sem væri.

A bakleiðinni hitti ég Magnús bæjarstjóra, sem hafði fundið kippi, einum 3svar sinn um, áður en sjálft gosid hófst. Auk umhyggju fyrir íbúnum hafði hann miklar áhyggjur út af mannvirkjum og þá ekki sízt vatnsleiðslunni miklu, sem mestöll er í skuld erlendis. Og fyrir svona eru engar tryggingar. En við þetta bættust hugleiðingar um velferð þjóðarinnar, því hér er stærsta verstöð landsins. Það væri mikið áfall fyrir alla, ef hún legðist í eyði. Hér

er vafalaust mest verðmætasköpun í landinu í sjávarútvegi.

Síðan fór ég á simstöðina, en þar var fólk á vakt. Þar hitti ég Jón Stefánsson, sem sagðist hafa komið á vakt klukkan tólf kvöldið áður. Sjálfur hafði hann ekki orðið var við neitt, en margt fólk hringdi og hafði þá fundið jarðskjálftakippi. Þeir fyrstu létu raunar vita af þessu um 11-leytið.

Að lokum var svo hringt í slökkvistöðina og brunalúðurinn þeyttur. Flestir héldu vist að kviknað hefði í, en sá svo hvers kyns var. Jón sagðist ekki hafa heyrt neinar drunur fyrr en 1—2

tímum eftir að hann kom til starfa sinna.

Þarna voru 2 aðrir simamenn á vakt, þeir Hjálmar Guðmundsson og Jón Oskarsson, sem höfðu vaknað við drunurnar og voru svo kvaddir á aukavakt. Þeir vildu þakka fólk ró og stillingu. Það hefði verið tiltölulega lítið hringt, og stöðin ekki orðið fyrir miklum truflunum. Fólk hefði hlífzt við að hringja í sjálfvirka simann úr landi, þannig að það hefði verið unnt að nota simann fyrst og fremst til aðstoðar við brottflutninginn á fólkinu.

Framhald af 19. síðu.

Í DAG

Þjóðviljinn er 20 síður í dag, og þar er að finna margvíslegt efni tengt gosinu í Helgafelli.

3. síða: Ávarp forseta Íslands og útvarpsræða Ólafs Jóhannessonar, forsætisráðherra.

5. síða: Lýsing Þorleifs Einarssonar, jarðfræðings, á gosinu í Eyjum.

6. síða: Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræð-

ingur fór til Eyja og segir frá því, er hann sá, í stuttri frásögn.

7. síða: Rætt við Eyjamenn í Arbæjarskóla í gærmorgun.


8. síða: Rætt við flóttafólk — tvö vídtöl.

10. síða: Myndir frá Vestmannaeyjum.

11. síða: Rætt við Garðar Sigurðsson, alþingismann.

14. síða: Hvað sáu þeir á Suðurlandi — vídtöl á einni síðu við Sunnlendinga.

15. síða: Svipmyndir af gestum Reykvíkinga — einkum þeim af yngstu kynslóðinni — og auk þess á 16. síðu, baksíðu og hvarvetna í blaðinu af ýmsu tagi. M.a. er gluggað í Krukkspá, rakin saga Vestmannaeyja í ör-stuttu máli og margt fleira.



Eyjabúar að koma inn í skólann í gærmorgun úr einum bílnum.



Hér er verið að skrásetja nýkomna Eyjabúa. Það er fólk frá Rauða krossinum er tekur niður nöfn fólksins.

Í ÁRBÆJARSKÓLA

Rétt fyrir kl. 9 í gærmorgun komu fyrstu áætlunarbifreiðarnar að Árbæjarskóla með hrakta Eyjabúa, bæði svefnvana og úrvinda af þreytu.

Fólkid var æðrulaust og röleggt er það tindist út úr bílunum og gekk skipulega inn í skólann.

Þar voru fyrir kennarar og fólk frá Rauða krossinum. Hafði fólk komið með teppi og dýnur um morguninn og var búið að koma þessu fyrir í kennslustofum.

A einum stað var fólk frá Rauða krossinum við borð að skrásetja nöfn fólksins, og var það áminnt um að gefa upp þau heimili aðstandenda og vina er það færi til síðar um daginn.

Inni í matsal voru konur á þönum með bakka af smurðu braudi og kaffikönnur og settu jafndóm á borðin hjá Eyjabúum.

Allir voru líprir við móttöku fólksins, og jafnvel börnin fóru heim til sín og náðu í leikföng til þess að gefa lítlum Eyjabörnum. Í tveimur skólastofum voru læknarnir Björn Ónundarson og Snorri Jónsson og hlúðu einkum að kornabörnum og eldra fólki er þoldi illa volkið.

Hvarvetna voru útréttar hendur til þess að gera þessu fólki lífið léttbærara meðan það heidi eftir ættingjum og vinum.

Um hádegi voru fáir eftir af hinu hrakta fólki í skólann. Stöðugur straumur af bílum hafði þegar byrjað að renna upp að skólann til þess að ná í Eyjabúa. Þá voru á ferðinni leigubíllar er buðu fólki fráan akstur á heimili vandamanna í borginni.

Þetta byrjaði með Strindberg

Þegar við sátum fyrir framan sjónvarpið í fyrirakvöld á heimili okkar að Bústababraut 5 austan megin í kaupúðinu urðum við vör við miklar truflanir um tíu-leytið á sjónvarpsskerminum.

Við horfðum á leikrit Strindbergs, og fylgdi nokkur óþugnan leikritinu. Allt í einu voru hurðir farnar að bríast í húsinu og við heyrðum eins og tvo smelli er

bárust að utan, sögðu þau hjón Simon Waagfjörð og Elin Jóhannesdóttir er við hittum þau ásamt tveimur dætrum í Árbæjarskólanum í gærmorgun. Voru þau rétt nýkominn og höfðu komið sér fyrir í einni kennslustofunni og biðu komu aðstandenda.

Við höfðum orð á því að óvenju miklar truflanir væru í sjónvarpinu áður en við gengum til náða.

Við búum í 127 fermetra einbýlishúsi um 500 til 600 metra frá eldstöðvunum, og er húsið orðið 15 ára gamalt.

Við vöknudum kl. 2 um nóttina við dýnki frá eldstöðvunum. Þegar ég leit út um gluggann bar eldvegginn við himin um 500 metra í burtu.

Um kl. hálf þrjú var hringt til okkar; vorum við þá senn kominn í fötin.

Við fórum niður í bæ til þess að hitta fólk að máli og hafði konan gripið teppi og útlarpstæki með sér; þar var eindregið lagt að fólki að fara þegar um borð í báta og snerum við þess vegna ekki upp eftir aftur.

Við lögðum leið okkar niður á Friðarhafnarbryggju, fórum þar

um borð í Berg VE, og lögðum við frá bryggju rétt fyrir kl. 4

Um 160 til 170 manns voru um borð í bátinum á leið til lands og tókum við land í Þorlákshöfn kl. hálf-átta um morguninn.

Simon kvað hafa verið illt í sjóinn, og urðu einkum börn og unglingar sjóveikir á leiðinni til lands, — þá var mikill súgur í höfninni við komuna til Þorlákshafnar.

Ekki bar mikið á öskufalli er við fórum frá Eyjum, og yfirleitt var fólk æðrulaust og röleggt er við hittum á leiðinni.

Með þeim hjónum voru tveir dætur þeirra stálpaðar — tvíburasystur Jónína og Jóhanna. Þá eiga þau eina dóttur í Menntaskólanum í Hamrahlíð, Kristínu 16 ára, og er hún búset hér í Reykjavík. Einn son eiga þau, Simon Thor, og er hann 2. vélstjóri á hinum nýja skuttogara Vestmannaey. Er togarinn á leið heim frá Japan og er sonur þeirra þar um borð.

Við fórum beint inn í bílana í Þorlákshöfn og ökum með stórri áætlunarbifreið hingað til Reykjavíkur. Komum við hingað um kl. 9 um morguninn.

Hér hefur verið tekið vel á móti okkur, og hafa nöfn okkar verið skráð niður, og þá verða nöfn okkar skráð hér við burtför. Við biðum eftir vinafólki okkar er skýtur skjólshúsi yfir okkur.


Þekkti kall brunalúðursins

Við náðum tali af Páli Scheving og fjölskyldu hans í Árbæjarskóla í gærmorgun.

Ég vaknaði við brunalúður um nóttina og þekkti heldur betur kallið, af því að ég hef starfað við slökkviliðsstörf í áratugi. Við spurðum brátt þau ógnvænlegu tíðindi, að gossprungu væri komin upp við rætur Helgafells. Hef ég sjaldan orðið jafn hissa á ævinni.

Eftir að fjölskyldan var kominn í fötin, kona mín Jónheiður Scheving, dóttir mín Margrét og börn hennar Páll og Viktor.

Við búum á svonefndum Hjalla



Fólkid að koma út úr einum áætlunarbílunum við Árbæjarskóla í gærmorgun. Sumt var ekki hátt í lofti.



Páll Scheving tók með sér stafinn sinn og hrósaði happi yfir því. Hér á myndinni er Margrét dóttir hans og börn hennar og kona hans.

eða nánar tiltekið að Vestmanna-braut 57, og er hús okkar tiltölulega fjarri gossprungunni.

Vel gekk að koma fjölskyldunni um borð í Gjafir við Friðarhafnarbryggju. Var mikil umferð þarna og fólk þó röleggt og æðrulaust.

Heldur var illt í sjóinn á leiðinni í land.

Við fórum beint upp í áætlunarbifreið í Þorlákshöfn og komum hingað í Árbæjarskóla kl. hálf tíu í morgun.

Við komum til með að gista hjá dóttur okkar í Hafnarfirði.



Hér sitja Hallveig Guðjónsdóttir og Jan-Erik Dilling á dýnu í einni kennslustofunni. Þau eiga heima í húsi við Kirkjubæjarbraut um 200 til 300 m frá eldstöðvunum. Þau höfðu vaknað við mikla dýnki og yfirgefið húsið nokkuð snemma um nóttina og höfðu ekkert tekið með sér utan fötin er þau klæddust.




Það var frí í skólann, og sjást hér börn úr Árbæjarskóla horfa á aðvifandi gesti.



Tvíburasysturnar Jónína og Jóhanna, Elin kona Simonar og Simon Waagfjörð.

MEÐAL FLÓTTAFÓLKS



Gunnar Adólfsson

Vestur i Melaskóla var orðið fremur fámennt þegar okkur bar að garði um þrjú leytið i gær. Þó var slangur af fólki á rölti um ganga, börn að leik og í sumum skólastofum mátti sjá fólk sem las eða hvíldist. Að sögn starfsfólks var flest flóttafólksins komið til ættmenna sinna og vina.

Við hittum einn ungan mann á ganginum. Hann kvabst heita Gunnar Adólfson og vera ellefu ára gamall. Hann sagði hafa verið vakinn af foreldrum sínum, og hefði hann séð gosið út um gluggann en ekki farið að gossaðnum. Hann fór fljótlega niður i bæ

Brynja Pétursdóttir ásamt þriggja ára dóttur sinni. Einnig var í för með henni 8 ára sonur.



og um borð i Gjafar, en hann var einn af fyrstu bátum sem fóru frá Eyjum. Hann var kominn til Þorlákshafnar rúmlega 7.

Afram töltum við og komum að læknisstofu skólans. Þar var fyrir Valur Júlíusson læknir og nokkrar hjúkrunarkonur. Valur sagði að litlið hefði verið um slys — aðeins ein kona send á slyssavárstofu og eitt barn fingurbrotið. Hann sagði, að nokkrir hefðu verið sendir á sjúkrahús. Það hefðu aðallega verið hjartasjúklingar og annað fólk sem svipað var ástætt um. Erillinn var nokkuð mikill um morguninn, en þarna um eftirmiðdaginn var farið að hægjast um. Nokkuð bar á kvíða og hræðslu meðal fólksins, og lá vist fjar þvi það.

Að lokum komum við niður i eldhús. Þar var okkur boðið kaffi og með þvi og virtist ekki skorta matföng. Starfsfólkið sagði okkur að ýmis fyrirtæki hefðu brugðið skjótt við og

sent mat- og drykkjarföng. T.d. hefði Olgerð Egils Skallagrímssonar sent 20 kassa af malti og Sill og Valdi marga kassa af brauði og kökum.

Einnig komumst við að því að teppi þau sem Almanna-varnir keyptu fyrir nokkrum árum og mjög urðu umrædd hafa komið að miklum notum i hjálparstarfinu, enda voru margir Eyjaskeggjar kaldir og hraktir þegar þeir komu til Reykjavíkur.

—ÞH

I Sjómannaskóla var beðið síðasta bílsins úr Þorlákshöfn. Var það fólkið úr tveim síðustu bátunum. Þegar blinn bar að garði undum við okkur að ungru konu sem var þar með börn síntvö. Einnig voru í för með henni foreldrar hennar og möðursystir.

Það kom upp úr kafinu að þarna var komið heimilisfólkið af þeim margumrædda bæ Kirkjubæ. Konan heitir Brynja Pétursdóttir.

— Við vöknubum að sjálf sögðu strax um tvöeytið, og blasti þá við okkur eldurinn aðeins kippkonu frá húsnu, — i mesta lagi um 200 metra. Þetta var eðlilega óhugnanleg sjón svona rétt við fæturna á manni.

— Eg vildi ekki eiga eftir að upplifa það aftur að vakna upp við svona lagad, skaut móðir Brynju inn i.

— Við vorum ekki lengi i húsinu eftir að við vöknubum, hélt Brynja áfram. Við tndum á okkur spjarirnar i hasti og vorum komin út úr húsnu um klukkan hálfþrjú. Þá var hitinn orðinn mjög mikill og hávaðinn óskaplegur. Þennan tíma sem við vorum i húsinu gátum við séð hvernig gosið jókst i sífellu og sprangan lengdist. Var það uggvanleg sjón því við vissum ekki nema gosið myndi breyta um stefnu og teygja sig til okkar. Enda vorum við ekki i rónni fyrr en við vorum komin niður i bæ.

Þegar við vorum klædd förum við að huga að kúnun, en síðan förum við niður á lög-reglustöð og vorum þar unz við komumst i bát. Við förum með Arnari sem var fyrsti báturinn sem kom til Þorlákshafnar um hálfáttaleytið.

Þetta var mestastarkærð og vorum við sjóveiki á leiðinni. En áhöfnin reyndist okkur mjög vel. Þegar til Þorlákshafnar kom snerum við okkur til skyldfólks okkar þar i bæ til að hvílast og ná okkur eftir sjóveikina.

Það hefur oft verið hugleiddur sá möguleiki að atburður sem þessi gæti gerzt, en einhvern veginn trúði maður ekki að til slíks gæti komið.

Það hefur gengið ótrúlega vel að koma fólkinu til lands. Við vöknum t.d. klukkan tvö og erum komin til Þorlákshafnar klukkan hálfátta og

höfum m.a.s. fjögurra tíma sjóferð að baki. Það ræð eflaust miklu að fólkið syndi mikla stillingu.

Það sem hvílir þyngst á okkur svona eftir að hægjast fer um er að vita það að ef eitthvert hús á eftir að verða gosinu að bráð, þá er það okkar hús.

Brynja mun dvelja hjá tengdamóður sinni hér i Reykjavík. Maður hennar var staddur á Akureyri er gosið hófst.

—ÞH

Úr Krukkspá:

Suðurland mun sökkva, en Norðurland rísa æ hærra úr sjó

Margir hafa spámenn verið á Íslandi. Einn þeirra hét því ágæta nafni Jón og er ekki fedraður i sögunni. Hins vegar bar hann viðurnefnið Krukkur, sem hann hlaut af krossgötusetu. Hann spáði fyrir Tyrkjaráni og eldgangi i Vestmannaeyjum með öðru.

I þjóðsögum Jóns Arnasonar segir frá því, að Jón hafi eitt sinn setið á krossgötum á nýársnótt að reyna að auðgast af álfagjöfum. Það var trú manna, að er álfar flyttu búferlum á nýársnótt mætti finna þá fyrir á krossgötum þá nótt, og byðu þeir fólki gull og gersemar, sem fólkið þá eignabíst ef það létu ekki sem neitt væri alla nóttina og sinnu ekki álfafólkinu. Þessa setu byddi þó ekki að fremja nema að undangengnum margs konar undarlegum tilteknum. Nema hvað Jón þessi stóðst freistingar allar og gylliboð álfa, þar til honum var boðið flöt heitt, en Jóni þótti flöt allra mata bezt. Braut Jón þá sinnuleysisbodoðrið og leit til álfa til að þiggja flötið segjandi: „Sjaldan hef ég flötinu neitað“. Missi hann við þetta af öllu því, sem honum hafði verið boðið af kræsingum og gersemum.

Síðan segir i þjóðsögum Jóns Arnasonar:

— Upp frá þeim tíma varð hann ráðlaus og rænulitill, en þó hafði hann þá gáfu síðan, að hann gat sagt fyrir órdna hluti með því að hann lægi áður úti heilar nætur, og er getið að hann hafi helzt valið til þess jólatímans.

Jón þessi var síðan kallaður Krukkur af krossgötum, og er hann alkunnur á Íslandi með því nafni og af spáfararsögum þeim sem af honum ganga bæði i Krukkspá og i munnmælum. Til sýnis set ég hér að endingu fáein dæmi af spádómum Jóns sem i munnmælum ganga:

„Mönnun verður alltaf að fara aftur um vöxt og krafta svo fifu-áttungurinn verður að lokum átta manna tak“.

„Ísland eyðist af langviðrum og lagaleysi“. (Þessa málsgrein hafa ábrir eftir Njálá i Bergþórs-hvöli)

„Vatnsdalur (á Norðurlandi) eyðist austanvert af skriðum, en vestanvert af vatnaflöði“.

„Suðurland mun sökkva, en Norðurland rísa æ hærra úr sjó“ I neðanmáls skýringum segir Jón Arnason i þjóðsögum sínum:

— Það er bæði sögn og sannindi að Krukkspá sé til og eru þar á

Auglýsingasíminn er 17500

Kaupstaðurinn stendur á Helgafells- hrauni

Eftirfarandi þáttur um eldgos á Íslandi á síðari tímum jarðsögunnar er tekinn úr bók dr. Þorleifs Einarsonar, „Jarðfræði, saga bergs og lands“. Kaflinn er lítillaga stuttur.

Eldvirgni á sl. 10 þús. árum er bundin við sömu svæði og á Ísöld, þ.e. beltin Reykjanes-Langjökull. Vestmannaeyjar-Melrakkasléttur og Oræfajökuls- og Snæfellsnesbeltin. Gos hafa sennilega verið hér á landi á fimm ára fresti að meðaltali eða um 20 á öld. Á þessari öld eru þau þegar orðin átján. Frá upphafi Íslandsbyggðar munu þau vera um 200. Síðan á landnámsöld munu um 40–50 eldstöðvar hafa verið virkar, en síðan jókla tók að leysa í Ísaldarlokin vart færri en 200.

Eldvirknin hefur verið margbreytileg og kvikan oft brotitzt upp um kringlótt gosop (dyngjur, eldkeilur), en þó einkum upp um sprungur. Dyngjur og gosprungur virðast flestar hafa gosið aðeins einu sinni, þótt mörg sprungugos hafi auðvitað orðið á sama svæði Eldkeilur og eldhryggir hafa hinsvegar gosið mörgum sinnum hver. Hekla t.d. 14 sinnum síðan land byggðist. Gos hafa einnig orðið í sjó, og munu t.d. Vestmannaeyjar hafa hlaðizt upp í sjávargösum og það aðallega á nútíma.

Á fyrri hluta nútímans virðast hraungos hafa verið mjög algeng, en þeytigos sjaldgæf. Á þessum tíma urðu flestar dyngjurnar til svo sem Skjaldbreiður og Trölladyngja en síðasta mikla dyngjugosið varð er Ketildyngja í Öbins-hrauni myndabist fyrir 3500 árum, en í því gosi rann Laxárdalshraunið eldra niður í Myvatn og þaðan eftir Laxárdal og niður í

Loftárás á Tanzaníu

DAR ES SALAAM 23/1 Stjórnevöld í Tanzaníu skýra frá því, að níu portúgalískar flugvélar hafi gert árás á landamæraþorp í Tanzaníu. Að líkindum hefur árás þessari verið beint gegn meðlimum í þjóðfrelshreyfingum portúgölsku nýlendunnar Mozambique, FRELIMO, en Tanzania hefur stutt þá hreyfingu leynt og ljóst.

Portúgölsk stjórnevöld segjast ekkert um atburð þennan vita.

Bæjarstjórnin í Eyjum

Opnar skrifstofu í Hafnarbúðum í Rvík

Bæjarstjórn Vestmannaeyja lét opna strax í gær fyrirgreiðsluskrifstofu fyrir Eyjamenn, sem nú dveljast í Reykjavík. Skrifstofan verður í Hafnarbúðum.

Þá hefur verið ákveðið að viðskiptamenn Sparisjóðs Vestmannaeyja og útíbús Útveggsbankans í Vestmannaeyjum geti snúið sér til einhvern peningastofnunar í Reykjavík strax næstu dagana. Verður nánar auglýst síðar hvar þessi viðskipti fara fram.

Aðaldal um 70 km. leið. Hraunbungan í Surtsey telst einnig til dyngna. Í sumum dyngjugosum kom upp geysimikið magn af hrauni: í Trölladyngju og Skjaldbreið sennilega 15 rúkm.

Sprungugos hafa hinsvegar orðið jafnt og þétt allan tímann frá Ísaldarlokum. Í nokkrum sprungugosum hefur komið upp geysilegt magn af hrauni. Skaftareldahraunið, sem kom upp úr Lakagígum 1783, þekur t.d. 565 ferkm. lands og magn gosefna er um 12 rúkm.

Þeytigosvirgni virðist hafa færzt í aukana, er á nútímann leið. Fyrst hinna miklu þeytigosu var Heklugosið H5 fyrir 6600 árum, en mest var Heklugosið H5 fyrir 2800 árum, en því komu upp um 12 rúkm. af ösku og vikri. Í stærstu þeytigosunum hefur eingöngu komið upp liparítvikka (Hekla, Oræfajökull 1362 og Askja 1875) en gosmöl úr basalti hefur einkum orðið til við gos öskugiga (Hverfjall, Vatnaöldur) við gos undir jökli (Katla, Grímsvötn) og í sjó (Surtsey).

Í hraungosunum hefur eingöngu komið upp basaltvikka. Andesít er þó t.d. í hinum eiginlegu hraunum, en samfara hraunrennsli þar hefur einnig orðið til mikkið af gosmöl.

Hraunrunnin á nútíma þekja rúmlega 10 þús. ferkm. lands. Alls mun heildarmagn gosefna, sem komið hafa upp frá Ísaldarlokum hér á landi, vera um 400 rúkm.

Suðurland (Vestmannaeyjar—Vatnajökull)

Svöstu eldstöðvarnar á þessu svæði eru Vestmannaeyjar, en þar hafa orðið til við gos í sjó á síðjökul- og nútíma. Ytri eyjarnar, sem allar eru leifar gígbarma, hafa hlaðizt upp í þeytigosum og eru því gerðar úr gosmöl, sem nú er samrunnin og orðin að möbergi. Innri eyjarnar eru gerðar úr gosmöl og hraunum, og eru þar víða enn heilleg eldvörp, t.d. Helgafell. Elztu gosmyndanir eru á norðanverðri Heimaey (Heimaklettur — Dal-fjall) og svo syðst á henni (Sæfjall og Stórhöfði) en ofan á möbergi og hrauni þar er þunnt jarðvegslag, sem er talið rúmlega 5000 ára gamalt. Ofan á jarðveginn leggst síðan nokkurra metra þykkt lag af gosmöl og ofan á hana síðan hraun frá Helgafelli, en það bendir til þess að Helgafell sé nokkra yngra en 5000 ára, en þó vissulega orðið til löngu fyrir landnám. Við gosið í Helgafelli tengdust suður- og norðureyjan, og stendur kaupstaðurinn á Helgafellsbrauni. Á sögulegum tíma er aðeins vitað með vissu um eitt gos í Vestmannaeyjum, þ.e. Surtseyjargosið 1963–67, en líklega hefur einnig gosið í sjó sunnan Helliseyjar 1896.

RÆTT VIÐ FÓLK Á SUÐURSTRÖNDinni

Finnum fnykinn, en sjáum ekki eldana

sagði Hjörtur L. Jónsson á Eyrarbakka

— Við hér á Eyrarbakka sjáum ekki eldana, en við finnum þeim mun betur fyrir lyktinni af gosinu, sagði Hjörtur L. Jónsson á Eyrarbakka er við höfðum samband við hann í gær og spurðum hann hvort eldarnir í Eyjum sæjast til Eyrarbakka.

— Það er nú ef til vill ekki að marka það þótt við sjáum

ekki eldana, það er svo vont skyggni í dag, dumbungur yfir öllu. Svo erum við svo vestarlega að það er ekki vist að við sjáum þá.

— Hvenær fengu menn á Eyrarbakka að vita um eldana?

— Það mun hafa verið um kl. 6 þegar þeir árrisulustu komu á fætur, þá heyrðu menn

þetta í útvarpinu. Og svo auðvitað vegna hinar miklu umferðar skipa á milli Þorlákshafnar og Eyja. Það var eins og risin væri borg á sjónum svo þétt var umferðin.

— Nokkurt öskufall?
— Nei ekkert öskufall enn, en við finnum lyktina vel.
— S.dór.

Gissur Gissurarson bóndi á Selkoti undir Eyjafjöllum:

Eldarnir blasa við okkur hér eystra

— Undan Eyjafjöllum sjást eldarnir vel í samilegu skyggni, og við sáum eldana í alla nótt, en nú þegar líða fór á daginn var komið svo mikki mistur að við sjáum lítið, sagði Gissur Gissurarson bóndi á Selkoti undir Eyjafjöllum.

— Það komu gestir til okkar í gærkvöld og við vorum að spila framundir kl. 2 í nótt, þá fór ég að sofa, en konan mín var eitthvað seinni fyrr og hún sá þá eldbjarmann, Við heldum fyrst að kviknað væri í bænum Berjanesi, en hann er í

sömu línu og Vestmannaeyjar. En svo var þetta svo mikkið að það gat ekki staðist. Nú við vissum ekki hvað þetta var fyrr en útvarpið fór af stað um kl. 4.

— Er nokkurt öskufall hjá ykkur?

— Nei, ekki er það nú, enda vindátt okkur hagstæð sem stendur. En hann Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur var að segja í útvarpið, að lítil hætta væri á öskufalli, og við erum náttúrulega fegnir að heyrja það. Maður kannast við þann fjanda frá Heklugosinu

1947 og þá ekki síður frá Kötlogosinu 1918; ég man vel eftir því, enda kominn yfir sjötugt, þá var mikkið öskufall á túnun.

— Eigið þið Eyfellingar ekki marga vini og kunningja í Eyjum?

— Jú, og ég á meira að segja dóttur sem býr í Eyjum. Eg sá mynd af henni í sjónvarpinu áðan við komu hennar til Reykjavíkur. Við erum að vona að hún komi hingað austur til okkar meðan á þessu stendur. —S.dór.

Magnús Þórðarson loftskeytamaður í Vik í Mýrdal:

Hugðum komið hlaup í Jökulsá

Fólk hér í Vik í Mýrdal fann fnyk mikinn leggja yfir í nótt og hugði þá fyrst að komið væri hlaup í Jökulsá á Sólheimasandi, en þá leggur gjarnan álika fnyk yfir hér hjá okkur þegar hún hristir úr klaufunum. En svo sást bjarminn yfir Eyjum, og þeir

sem voru á vakt í loftskeytastöðinni fengu strax að vita hvað væri á seyði, sagði Magnús Þórðarson loftskeytamaður í Vik í Mýrdal er við höfðum samband við hann í gær.

Nú, bjarminn sást fram eftir nóttu, en þá dró upp mistur og

síðan höfum við ekki séð neitt en fundið lyktina fram eftir degi. En nú er vindur kominn á austan, og þá finnst hún ekki lengur.

EKKI urðum við varir við neitt ryk eða öskufall hér í Vik, enda mun nú vist ekki vera mikkið öskufall frá þessu gosi. —S.dór.

Heyrðum drunur og sáum eldbjarmann

sagði Jónas Magnússon bóndi á Strandarhöfði í V-Landeyjum

Þegar við höfðum samband við Jónas Magnússon bónda á Strandarhöfði í V-Landeyjum milli kl. 10–11 í morgun sagði hann að þyrjað væri að rigna þar eystra undir hádegis, en um morguninn hefði verið samilegt skyggni og þá hefði


eldbjarminn frá Eyjum sézt í Landeyjum.

— Við vissum ekki neitt fyrr en kl. 8 í morgun, sagði Jónas, að við heyrdum fréttirnar í útvarpinu og fórum þá að gæta að þessu og sáum þá bjarmann, og litlu síðar

heyrdum við allmiklar drunur.

Nú er áttin orðin s-austlega, svo engin hætta er á öskufalli hér á meðan svo er. Eins hefur þyknað svo mikkið í lofti, að við sjáum ekkert lengur, en drunurnar heyrast vel enn.

SVIPMYNDIR



Hinir vegalaus Vestmanneyingar flyktust í nokkra af skólum borgarinnar í gærmorgun og fram eftir degi. Það vakti athygli hve hinir yngstu stóðu sig vel eftir sjóvelking og hrakninga, og varla heyrðist barnskjökur þó grannt væri hlustað. Meðfylgjandi myndir voru teknar snemma í gærmorgun, og má á þeim greina hina undraverðu rósemi barnanna. (Ljós. Gunnar Steinn)



TILKYNNING

frá Byggðasjóði

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur ákveðið að frá og með 25. janúar 1973 skuli allar sjálfvirkar lánareglur, sem til þess tíma hafa verið í gildi, um lán úr Byggðasjóði til skipasmíði innanlands, skipakaupa erlendis og innanlands, og skipaviðgerða innanlands, falla niður. Frá 25. janúar 1973 skulu umsóknir er berast um lán úr Byggðasjóði til skipakaupa og skipaviðgerða innanlands metnar til láns hæfni og lásupphæðar með tilliti til byggðasjónarmiða, í samræmi við lög nr. 93/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins o.fl.

Þetta tilkynnist hér með þeim sem hlut eiga að máli.

Framkvæmdastofnun ríkisins.

Læknaritari

Sct. Franciskusspítali í Stykkishólmi óskar eftir að ráða læknaritara frá 1. apríl eða 1. maí 1973. Vélritunarkunnátta og málakunnátta nauðsynleg. Laun skv. kjarasamningi opinberra starfsmanna. Upplýsingar hjá priorinnu, sjúkrahúslækni eða héraðslækni.

Sct. FRANCISKUSSPÍTALI
í Stykkishólmi.

AUGLÝSING

frá menntamálaráðuneytinu

Vegna athugunar á kennslu fyrst um sinn fyrir nemendur barna- og gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum, er þess beiðt, að þeir láti skrá sig eftir dvalarstað föstudaginn 26. þ.m., kl. 13—18:

í Reykjavík

í fræðsluskrifstofunni, Tjarnargötu 12, sími 2-14-30,

í Kópavogi

í fræðsluskrifstofunni, Digranesvegi 10, sími 4-18-63,

í Hafnarfirði

í fræðsluskrifstofunni, Strandgötu 8—10, sími 5-34-44 og eftir kl. 17 5-32-50.

Annars staðar hafi nemendur samband við skólastjóra næsta skóla.

Nemendur Styrjannaskólans, Vélaskólans, Iðnskólans og Tónlistarskólans í Vestmannaeyjum hafi samband við skólastjóra næsta hliðstaðs skóla.

Menntamálaráðuneytið,
23. janúar 1973.



SÓLÓ- eldavélar

Framleiði SÓLÓ-eldavélar af mörgum stærðum og gerðum, — einku n hagkvæmar fyrir sveitabæi, sumarbústaði og báta.

— Varahlutabjónusta —

Viljum sérstaklega benda á nýja gerð einhólfa eldavéla fyrir smærri báta og litla sumarbústaði.

ELDAVELAVERKSTÆÐI
JÓHANN FR. KRISTJÁNSSONAR H.F.
KLEPPSVEGI 62. — SÍMI 33069.


Aldrei meiri umferð um Reykjavíkurlugv.

Að því er Arnór Hjálmarsson flugumferðarstjóri á Reykjavíkurlugvelli sagði okkur í gær, hefur sjaldan eða aldrei verið önnur eins umferð um Reykjavíkurlugvöll og síðasta sólarhring. Frá því að gosið hófst í Vestmannaeyjum um kl. 2 aðfaranótt þriðjudagsins til kl. 17 í gær fóru 66 flugvélar á loft frá Reykjavíkurlugvelli til Eyja. Það eina sem hægt er að líkja þessari umferð við er sú umferð er var, þegar gosið var í Surtsey, en sá er þó munurinn að þá voru nær eingöngu litlar vélar sem flugu.

Arnór sagði, að fljótlega hefði þurft að takmarka umferð litilla flugvéla á leiðinni til Eyja, eftir að gosið hófst. Var fljótlega komin á flugbrú stórra véla til Eyja og það var ekki fyrir en undir hádegi að leyft var að litlar vélar færu á loft.

Arnór sagði, að það væri algerlega útilokað að nokkur flugfél hefði getað lent í Vestmannaeyjum sólarhring fyrir, en þá voru 11 vindstig á Stórhöfða. Það er hægt að lenda í Eyjum í öllum átum, ef vindhraði er ekki meiri en 3 stig. Þegar komið er upp í 5 vindstig, þá er ekki hægt að lenda í vindi frá n-a til n-v. Það er hægt að lenda í 8 vindstigum vindstefnu í austur eða vestur, og vélar geta hafið sig til lofts í 8 vindstigum í abra áttina, en aðein 6 vindstigum í hina.

Það var því ekki svo lítið lán í þeim ósköpum sem yfir dundu hve veður var stillt meðan folksflutningarnir frá Eyjum stóðu yfir. — S.dór.



Það var annasamur tími hjá fréttamönnum í fyrriðotti ekki síður en flugumferðarmönnum og flugstjórum. Hér er Jón Asgeirsson fréttamaður að ræða við konu nýkomna fljúgandi frá Eyjum.

Hverjir eru Vestmenn?

Stundum gera menn það að gamni sínu að draga skörp skil milli Eyjamanna og meginlandsbúa og láta svo sem Vestmannaeyjar komi okkur hinum íslendingum ekki mikið við. Og menn gera skimp með þá hugmynd, að Vestmannaeyingar gerbu nú réttast í því að segja sig úr lögum við meginlandið og gerast sjálfstæðir. Gamanmál ein eru þetta, og raunar ekki með upprifjunar á alvörustund.

Vestmannaeyjar hafa fylgt Íslandi frá öndverðu og verða ekki frá því skildar hvorki af náttúruhamföllum né af neinum pólitískum hvetum.

En í nafni eyjanna er þó atriði, sem aðskilur þær frá Íslendingum. Það eru þessir Vestmenn, sem þær eru við kenndar.

Hverjir voru þessir Vestmenn?

Allir kannast við frásögn Landnámu af hinu fyrsta hævistarári þeirra fóstbræðra, Ingólfs og Hjörleifs. Um veturinn sátu þeir hvor í sínum höfðanum við suðurströndina sem enn bera nöfn þeirra. Við voryrkjur beitti Hjörleifur þrælum sínum Irskum fyrir arðim, en þeir undu ekki hlutskipti sínu og drápu húsbóndann. Lá þeim hver sem vill. „Hjálararnir fóru til eyja þeirra, er þeir sáu til hafs í útsubur og bjuggust þar fyrir um hróð“.

Ingólfr á svo að hafa hefnt fyrir ófárir fóstbróður síns, farið á eftir þeim út í eyjar og unnið þar á þeim. „Við þá eru eyjarnar kenndar, því þeir voru Vestmenn“.

Þessi frásögn hefur lengi verið eins konar trúarlærdómur íslenskra barna, en þó hafa margir orðið til að tortryggja hana. Einnig á meðan menn ekki voru farnir að leyfa sér að efast um tilvist

þeirra Hjörleifs og Ingólfs sem safaranda, víkinga og landmanna.

Menn voru blátt áfram vantrúadír á nafnskýringu Landnámu. Eyjar sjást ekki ofan af Hjörleifi íshöfða. Irar voru yfirleitt ekki nefndir Vestmenn, en það voru norrænir menn upprunnir á skozku eyjunum eða þar í grennd. Sumir töldu að Vestmennirnir hefðu verið norrænir menn sem settið hafi í Eyjum fyrir hið eiginlega landnám (að sínu leyti svipad og Pápar). Aðrir segja, að hinn

viðurkenndi landnámsmaður Eyja, Herjólfur, hafi verið Vestmaður og þá einnig lagsmenn hans.

En svo man ég ekki betur, en Þórhallur Vílmundarson prófessor bendi á sjálfa Vestmennina í náttúrunafnakenningu sinni — og sjá: þeir standa þarna enn öllum til sýnis! Vestmennirnir eru að hans hyggju — ef ég fer rétt með — klettadrangarnir vestan eyjaklasans, Þriðrangur og Eindrangur.

h—

Hjálparstarfið fór fram í fimm skólum

Mótaka á Eyjabúum var skipulögð í fimm skólum hér í Reykjavík og unnu þar í sameiningu Rauðakross fólk, Hjálparsevit skáta hér í Rvk og í Njarðvíkum og svo kennarar í viðkomandi skólum.

Tekid var á móti Eyjabúum í Arbæjarskóla, Melaskóla, Hamrahlíðarskólanum, Austurbæjarskóla og Styrjannaskólanum, — einku móttaka á sjúku

fólki þar. Snemma dags fóru Eyjarbúar að dreifa sér út um borgina á heimili ættingja og vina og hefur fólk allt austur í Ölfus bóðizt til þess að taka Eyjamenn inn á heimili sín.

Nokkuð margir eru eftir ennþá í skólunum, og er buið við að kennsla falli niður að minnsta kosti í fjórum skólum. Hins vegar er buið að rýma Hamrahlíðarskólann og þarf kennsla ekki að falla niður af þeim sökum.

Árshátið AB Kópavogi

Árshátið Alþýðubandalagsins í Kópavogi verður haldin laugardaginn 3. febrúar og hefst kl. 19.30.

Þorramatur á boðstólum. — Góð skemmtiatriði. — Hjómssveitin

„Trío 72“ leikur fyrir dansi.

Aðgöngumiðaverð: Kr. 700.-

Upplýsingar og miðapantánir í síma 40853, 41279 og 41794.

AB Kópavogi.



Verkfall á togurunum

Verkfall togaramanna skall á í fyrrinótt eins og boðað hafði verið. Stóð samningafundur til kl. hálfþrjú um nóttina og þókaðist lítið til samkomulags, sagði Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasambands Íslands í gær.

Aðeins einn togari er í höfn. Er það Jón Þorláksson og er hættur veiðum. Þá hefur hinn nýi skutogari Bjarni Benediktsson ekki farið út ennþá.

Nú er í ráði að kalla saman sjö manna samninganefnd togarasjómannna til þess að ræða ný viðhorf er stafa af atburðinum í Eyjum, sagði Jón Sigurðsson. Verður það gert á næstunni.

Hvernig fréttir verða til:

„Hætta er á að Heimaey sökkvi í sæ“

Þó ekki virðist löng leið frá Vestmannaeyjum til Osló er það samt lærdómsríkt að sjá hve mjög fréttir geta magnast og orðið reyfaralegri á ekki lengri leið.

Til dæmis segir í einu fréttaskeyti um eldsumbrotin á Heimaey frá norsku fréttastofunni NTB í dag: „Sumir jarðfræðingar telja, að hætt sé á að öll eyjan springi í loft upp og sökkvi í hafid“.

Er hætt við því, að þeir góðu fréttamenn yrðu að leita lengi að jarðfræðingi sem hefði látið sér slíkt um munn fara.

Nýbreytni hjá Norrænu ráði

OSLÓ 23/1 — Fundur norræna ráðsins verður í ár haldinn í tvennu lagi. Aðalfundurinn verður í Osló rétt eftir miðjan febrúar, en seinni hlutinn verður í Stokkhólmi í lok október. Fari svo að tilraun þessi falli í góðan jarðveg, getur hugsast að haustfundurinn verði haldinn utan höfuðborgaranna.

Ókeypis læknishjálpar

Í tilefni þeirra hörmunga sem yfir íbúa Vestmannaeyja hafa dunið, hafa stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur beint þeim tilmælum til félagsmanna sinna, að þeir veiti fólki þann læknishjálpar án endurgjalds.

Eyjamönnum fjölga á meginlandinu

Fjórar barnshafandi konur frá Vestmannaeyjum voru lagðar inn á Fæðingardeild Landspítalans í gær. Ein þeirra fæddi klukkan hálféitt, og virtist hvorki henni né barninu hafa orðið meint af volkinu: fæddi konan — Guðný Linda Antonsdóttir — stúlkubarn.

Okkur vantar fólk til að bera út blaðið

Skjól
Hringbraut
Hjarðarhaga
Miðbæ
Höfðahverfi
Háteigshverfi
Alfheima
Teiga
Laugarnesveg
Breiðholt.
Sogamýri

Kærleikar með Willy Brandt og Pompidou

PARIS 13/1 — Brandt, kanslari Vestur-Þýskalands, og Pompidou, forseti Frakklands, hafa lýst því yfir, að þeim hafi að verulegu leyti tekizt að samræma afstöðu ríkja sinna til Bandaríkjanna og viðskipta við þau. Hins vegar hafi þeir skiptar skoðanir um fékkun

heralla í Evrópu. Ráðamenn þessir, sem hittust í París í tilefni 10 ára afmælis vinnuáttusamnings ríkjanna, eru hins vegar sammála um markmið og dagskrá öryggismálaráðstefnu Evrópu.

Frá blaðamanni Þjóðviljans í Vestmannaeyjum kl. 7.30



Bústaðir í Vestmannaeyjum í næsta nágrenni Kirkjubæjar. Myndin var tekin seinni partinn í gær. Ljósmyndari vh.

Þeir síðustu voru tregir að yfirgefa Vestmannaeyjar

Gosið virðist vera að breytast frá því síðdegis í dag. Síðustu klukkutímana hafa sézt gufustrókar og um hálfsext leytið varð sprenging, að því er virðist norðaustan til í gígsprungunni. Steig þá upp mikill svartur mökkur. Segja kunnugir, að gosið taki nú að ilkjast Surtseyjargosinu æ meir. Rétt áðan var brunaslauti almannavarna sett í gang

hérna. Hljómaði hún um alla eyna. Það er verið að hvetja þá fáu sem eftir eru að halda upp á landið með síðustu bátunum og varðskipinu Arvakri sem hér liggur. Lögreglan leggur mikla áherzlu á að allir fari, en sumir virðast tregir. Yfirvöldin segja sem svo, að ef gosið breytti sér þannig að hverfa yrði frá í skyndi, yrði erfitt að þurfa að leita

af fólki úti um alla eyju. Í þessu sambandi má ríffa upp orð dr. Sigurðar Þórarinnssonar frá því hann var hér í dag: Hann kvað ekki mikla hættu á ferðum meðan gosið heldist lítt eða ekki breytt. En ef það stöðvaðist gæti það þýtt mikla hættu. Þá gæti gosið átt það til að koma upp aftur hvar sem væri á eyinni.

vh

SÍÐUSTU FRÉTTIR

Vilborg Harðardóttir, blaðamaður Þjóðviljans, sem stóðd var í Eyjum, hringdi til okkar laust eftir kl. 9 í gærkvöldi og sagði að nú væri ástandið að verða verulega ískyggilegt. Hún sagðist hafa verið að koma frá Kirkjubæ, og hefði þá hraun verið byrjað að

renna í áttina að bæjunum. Breytingin frá því fyrr um daginn væri sú, að öll hlöðin væri nú ein hraunglöd, gosið virtist vera að færast í aukana og hættan ykist stöðugt á því að hraunið tæki að vella út úr gígnum norðvestan við gígsprunguna. Flugvallar-

megin eru hins vegar allmargir gígar hættir að gjósa. — Vilborg sagði, að varla væru nú aðrir eftir í Eyjum en hjálpar-sveitir og menn við brýnustu skyldustörf. — Verið var að reyna að bjarga ýmsu verðmætu úr Kirkjubæjunum.

Kissinger fór aftur frá París

Saigonher biður um meiri lofthernað

PARIS, SAIGON 23/1 Henry Kissinger hélt í dag, öllum að óvörum, flugleiðis til Washington eftir fjögurra tíma viðræður við Le Duc Tho, aðalfulltrúa Norður-Víetnam við friðarviðræður í París. Um leið hefur Saigonstjórnin beðið um sem mesta aðstoð bandaríska flughersins til að ná sem mestu landi á sitt

vald af Þjóðfrelsishernum, áður en vopnahlé gangi í garð.

Kissinger og Le Duc Tho létu ekkert uppskált um það sem þeim fór á milli á Parísarfundinum í dag, en þeir brostu breitt hvor til annars er þeir skildu. Ekki er vitad, hvort Kissinger þarf enn að bera einhver atriði undir Nixon áður en unnt er að ganga frá samningi um vopnahlé.

Stríðið.

Bandaríski flugherinn fór í 374 árásarferðir í nótt að beiðni Saigonhers, sem leggur mikla áherzlu á að hrekja Þjóðfrelsisherinn frá núverandi vígstöðvum í norðurhluta S-Víetnam og svo frá höfuðborginni. Mjög var hert á öryggisráðstöfunum í Saigon í dag og m.a. boðað 24 stunda útgöngubann. Mynduðust bíðráðir við verlanir og hömstruðu margir matvælam.

Viða var barizt á landi í dag.